

Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
<b>13. des. 2017</b>	
_____	
Tilv.	

Reykjavík 12. desember 2017  
UST201701-321/A.B.B.  
08.10.01

### Ryk í útblæstri frá fiskmjölsverksmiðjum. Svar við erindi

Vísað er til erindis félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda, dags. 31. janúar sl., til Umhverfisstofnunar varðandi minnisblað um ryk í útblæstri fiskmjölsverksmiðja og m.a. lagðar fram tillögur um breytingar á starfsleyfum fiskmjölsverksmiðja.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir erindið og minnisblaðið og komist að eftirfarandi niðurstöðu.

Ljóst er að flest starfsleyfi fiskmjölsverksmiðja sem hafa verið gefin út á undanförunum árum bera þess merki að starfsemin hefur stefnt að og náð árangri í rafmagnsvæðingu. Það er því miður ef vinda á eitthvað af þeirri þróun tilbaka. Í starfsleyfum eru skýr mörk fyrir losun á ryki í útblæstri frá olíubrennara. Við mengunarvarnir skal ávallt nota bestu fánlegu tækni.

Í erindi félagsins er kallað eftir að heildar rykútslepp frá hverri verksmiðju verði árlega að hámarki 5.000 tonn. Umhverfisstofnun telur að hér hljóti að vera átt við 5 tonn.

Umhverfisstofnun getur tekið undir að miðun við 3% súrefni í útblæstri sé heldur lágt í miðað við súrefnismagn sem er að mælast undir eðlilegum kringumstæðum, og telur að það gæti verið á bilinu 6-9%. Stofnunin telur að ekki sé viðhlítandi rökstuðningur við 17% viðmiðun eins og gert er í minnisblaðinu.

Þá skal einnig tekið fram að hægt er að ná fram mun betri árangri með notkun á olíu sem hefur í för með sér minni rykmyndun. Það er skoðun Umhverfisstofnunar að rekstraraðilar ættu að geta náð mun betri árangri með notkun á léttari olíu ásamt því að Umhverfisstofnun getur skoðað það í hverju tilviki fyrir sig hvort eðlilegt sé að hækka viðmiðun súrefnis við brennslu frá 3% og upp í um 6-9%.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að þótt félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda sendi inn erindi um tillögur um breytingu á starfsleyfum þá yrði hver og ein verksmiðja með starfsleyfi

að senda inn umsókn um breytingu á starfsleyfi fyrir sína starfsemi. Það liggur fyrir að ekki eru uppi sömu aðstæður í öllum verksmiðjunum og því ekki hægt að gefa eitt svar sem gilda á fyrir allar verksmiðjur sem eru með aðild í félaginu.

Beðist er velvirðingar á hve lengi hefur tekið að svara erindinu. Þá skal tekið fram að stofnunin hefur ekki á því tímabili sem erindið hefur verið í vinnslu farið í eftirfylgnaðgerðir vegna frávika sem skráð hafa verið vegna ryklosunar. Útistandandi frávikum verður fylgt eftir á næstu vikum, með ósk um tímasetta útbótaáætlun.

Virðingarfyllt



Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri



Guðbjörg Stella Árnadóttir  
teymisstjóri